

LEIÐBEININGAR

við

reglur um fjármögnunarreglur í erlendum gjaldmiðlum nr. 1032/2014

útgáfa 1.0 desember 2014

I. KAFLI

Almennt

Kaflí I í þessum leiðbeiningum fjallar um tilgang fjármögnunarreglnanna, framkvæmd þeirra o.fl. Kaflí II fjallar um einstaka liði fjármögnunarhlutfallsins. Nýjustu útgáfu leiðbeininganna er hægt að nálgast á heimasíðu Seðlabankans, www.seðlabanki.is. Að öðru leyti vísast í reglur um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum nr. 1032/2014 sem einnig má finna á heimasíðu Seðlabankans. Leiðbeiningar þessar eru ekki tæmandi.

1.1. Tilgangur fjármögnunarreglna

1.1.1. Fjármögnunarreglunum er ætlað að tryggja lágmark stöðugar fjármögnunar í erlendum gjaldmiðlum til eins árs og takmarkar því að hve miklu leyti viðskiptabankar geta reitt sig á óstöðuga skammtímafjármögnun til þess að fjármagna langtímaútlán í erlendum gjaldmiðlum. Reglur um fjármögnunarhlutföll draga úr gjalddagamisræmi og að hve miklu leyti bankar reiða sig á óstöðuga skammtímafjármögnun til að fjármagna langtímaeignir sem geta verið torseljanlegar. Þetta stýritæki er mjög mikilvægt þegar litið er til þeirra hvata sem til staðar eru varðandi fjármögnun og áhættutöku í bönkum og í kerfinu í heild. Það er þó í samræmi við hlutverk banka að gjalddagamisræmi sé til staðar og það er ekki tilgangur reglnanna að koma í veg fyrir það.

1.2. Framkvæmd og eftirlit

1.2.1. Reglurnar taka til viðskiptabanka og samstæðna viðskiptabanka og ná til fjármögnunarhlutfalls í erlendum gjaldmiðlum. Seðlabankinn getur veitt viðskiptabanka heimild til að undanskilja dótturfélag í samstæðuskilum enda sýni lánastofnun fram á, með fullægjandi hætti að mati Seðlabankans, að dótturfélag hafi ekki teljandi áhrif á fjármögnunarhlutfall og fjármögnunaráhættu samstæðu.

1.2.2. Lánastofnunum er skylt að senda Seðlabankanum mánaðarlega upplýsingum í skýrslu sem liggur til grundvallar útreikningi á fjármögnunarhlutfallinu. Skýrslum skal skilað til Seðlabankans ekki síðar en tíunda dag hvers mánaðar vegna móðurfélags en tuttugasta dag hvers mánaðar vegna samstæðuskila og er bankanum heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum. Sjái Seðlabankinn ástæðu til skal auk þess veita allar þær upplýsingar sem Seðlabankinn telur nauðsynlegar til að geta betur metið fjármögnunaráhættu viðskiptabanka eða framkvæmt álagspróf. Innri endurskoðandi viðskiptabanka skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð fjármögnunarhlutfalls að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um.

- 1.2.3. Baselinefndin um bankaeftirlit hefur gefið út staðal um fjármögnunarhlutfall (Net Stable Funding Ratio, NSFR) sem fjármögnunarreglurnar byggja á: Bank for International Settlements. (2014). *Basel III: The net stable funding ratio* ¹.

II. KAFLI Fjármögnunarhlutfall

2.1. Almenn

- 2.1.1 Fjármögnunarhlutfallið (*e. NSFR; Net stable funding ratio*) leggur mat á og stuðlar að réttri samsetningu á fjármögnun til lengri tíma og því mikilvæg viðbót við lausafjárhlutfall. Hlutverk fjármögnunarhlutfallsins er að styðja við og bæta gæði fjármögnunar til miðlungs og langs tíma í rekstri lánastofnana. Ákveðin lágmark hafa verið sett um stöðuga fjármögnun sem tekur mið af eignum og starfsemi lánastofnunarinnar m.t.t. lausafjareiginleika. Hlutfallinu er ætlað að lágmarka lausafjánhættu sem hlýst af því að treysta um of á skammtímafjármögnun.
- 2.1.2. Fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum tekur til eins árs en niðurbrot í skýrslum veitir tækifæri til að reikna einnig hlutfall sem tekur til þriggja ára auk hlutfalls fyrir alla gjaldmiðla samtals.

2.2. Lágmark og útreikningar

- 2.2.1 Útreikningar taka mið af þeim eignum sem þarfnast stöðugar fjármögnunar eða þeirrar fjármögnunar sem þarf til vegna eigna sem erfitt er að losa fyrir laust fé óháð reikningshaldslegri meðferð (t.d. hvort að eignir eru til sölu eða haldið til gjalddaga). Þá er einnig litið til áhrifa utan efnahags þegar kemur til fjármögnunar.
- 2.2.2 Fjármögnunarhlutfallið er skilgreint sem aðgengileg stöðug fjármögnun sem hlutfall af nauðsynlegri stöðugri fjármögnun. Hlutfallinu, eins og það er skilgreint, er ætlað að vera hærra en 1 eða 100% þann 1. janúar 2017. Stöðug fjármögnun er sú fjármögnun (eigið fé og skuldir) sem telst vera örugg til eins árs samkvæmt ákveðnu álagsprófi. Hversu mikil stöðug fjármögnun er nauðsynleg tiltekinni lánastofnun fer eftir lausafjareiginleika eignasafnsins, áhættuskuldbindingum utan efnahags og/eða starfsemi lánastofnunarinnar. Markmið fjármögnunarhlutfallsins er að tryggja að lífvænlegar lánastofnanir hafi aðgang að stöðugri fjármögnun til eins árs miðað við viðvarandi álag, t.d. þegar að lánastofnun, fjárfestar og/eða viðskiptavinir hennar verða varir við:
- marktæka lækun í arðsemi eða gjaldfærni vegna aukinnar útlánahættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu og/eða annarra áhættuþátta,
 - yfirvofandi eða væntanlega lækun lánshæfismats frá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki á fjármögnun, og/eða
 - atburð sem hefur áhrif á orðsporsáhættu eða dregur lánshæfi lánastofnunarinnar í efa.

¹ Í kjölfar alþjóðlegrar lausafjarkreppu jukust kröfur um samræmingu í lausafjareftirliti og að lausafjárstaða banka yrði efl. Nýir samræmdir staðlar Baselinefndarinnar um bankaeftirlit taka því einnig til lausafjánhættuen ekki einungis eigin fjár eins og áður. Baselinefndin gaf út ný og uppfærð tilmæli um bestu framkvæmd lausafjárstyringar árið 2008 og árið 2009 voru boðaðir nýir samræmdir lágmarksstaðlar. Drög að þeim lágmarkshlutföllum komu út í lok árs 2010. Þar var um að ræða tvö hlutföll; annars vegar lausafjárhlutfall (Liquidity Coverage Ratio, LCR) og hins vegar fjármögnunarhlutfall (Net Stable Funding Ratio, NSFR). Baselinefndin birti í lok október 2014 fullgert hlutfall stöðugar fjármögnunar (NSFR). Fjármögnunarhlutfallið á að taka gildi árið 2018 og vera þá að lágmarki 100%. <http://www.bis.org/bcbs/publ/d295.pdf>.

2.2.3 Fjármögnunarhlutfallið er skilgreint:

$$\text{Fjármögnunarhlutfall (NSFR)} = \frac{\text{Aðgengileg stöðug fjármögnun (ASF; Available stable funding)}}{\text{Nauðsynleg stöðug fjármögnun (RSF; Required stable funding)}}$$

2.2.4 Reglurnar gilda um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum. Lágmark fjármögnunarhlutfallsins samkvæmt reglum miðar því við aðgengilega og nauðsynlega stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Auk þess er tekið tillit til gjaldeyrisjafnaðar lánastofnunar samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Lágmark hlutfallsins er því:

$$\text{Fjármögnunarhlutfall (fx)} = \frac{\text{Aðgengileg stöðug fjármögnun (fx)} - \text{reiknaður neikvæður gjaldeyrisjöfnuður}}{\text{Nauðsynleg stöðug fjármögnun (fx)} - \text{reiknaður jákvæður gjaldeyrisjöfnuður}}$$

2.2.5 Færa skal upplýsingar í skýrslur á bókfærðu virði.

2.2.6 Að öðru leyti er vísað í drög að fjármögnunarreglum sem Baselinefndin gaf út í janúar 2014.²

2.3. Aðgengileg stöðug fjármögnun

2.3.1 Aðgengileg stöðug fjármögnun lánastofnunar er skilgreind sem samtala eftirtalinna liða:

- a. Eigið fé.
- b. Forgangshlutfé með gjalddaga til eins árs eða lengur.
- c. Skuldbindingar með gjalddaga til eins árs eða lengur.
- d. Sá hluti óbundinna innstæðna og/eða bundinna innstæðna með gjalddaga innan eins árs sem yrði líklega áfram í lánastofnunni til langs tíma þrátt fyrir stakan álagsatburð (*e. idiosyncratic stress event*).
- e. Þann hluta heildsölu fjármagns með gjalddaga innan eins árs sem yrði líklega áfram í bankanum til langs tíma þrátt fyrir stakan álagsatburð.

2.3.2 Aðgengileg stöðug fjármögnun. Töluliðir hér að neðan vísa í númer á eyðublaði en vægi skiptist m.t.t. eftirstöðvagreiningar og skiptist innan árs og yfir ár:

1. Eiginfjárgrunnur skv. 84. gr. laga nr. 161/2002, fyrir frádrátt skv. 85. gr. að frádrægnum eiginfjárþætti B sem hefur eftirstöðvatíma < 1 ár, 100% vægi (> 1 ár).
2. Aðrir eiginfjárliðir, 100% vægi (> 1 ár).
3. Óbundin og bundin innlán einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem teljast stöðug skv. 1. og 3. tl. 3. mgr. 9. gr. reglna SÍ 1031/2014, 95% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
4. Óbundin og bundin innlán einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem teljast minna stöðug., 90% vægi (< 1 ár) og 100% (> 1 ár).
5. Ótryggð fjármögnun frá fyrirtækjum sem ekki eru í fjármálastarfsemi.
 - 5.1. Innlán sem samþykkt hafa verið af Seðlabanka Íslands sem innlán lögaðila í rekstrarsambandi við viðskiptabankann, skv. reglum um laust fé o.fl. nr. 1031/2014, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 5.2. Önnur innlán frá fyrirtækjum sem ekki eru í fjármálastarfsemi, 50% vægi (< 1 ár) og 100% (> 1 ár).
 - 5.3. Önnur ótryggð fjármögnun, sem ekki flokkast sem innlán, frá fyrirtækjum sem ekki eru í fjármálastarfsemi, 50% vægi (< 1 ár) og 100% (> 1 ár).
6. Ótryggð fjármögnun frá seðlabanka.

² Basel III: The net stable funding ratio, janúar 2014 <http://www.bis.org/publ/bcbs271.pdf> . Lokaútgáfa var gefin út af Basel nefndinni í október 2014, <http://www.bis.org/bcbs/publ/d295.pdf>

- 6.1. Innlán sem samþykkt hafa verið af Seðlabanka Íslands sem innlán lögaðila í rekstrarsambandi við viðskiptabankann, skv. reglum um laust fé o.fl. nr. 1031/2014, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
- 6.2. Önnur innlán frá Seðlabanka, 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
- 6.3. Önnur ótryggð fjármögnun, sem ekki flokkast sem innlán, frá seðlabanka, 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
7. Ótryggð fjármögnun frá ríki, sveitarfélögum, opinberum fyrirtækjum og alþjóðlegum þróunarbönkum.
 - 7.1. Innlán sem samþykkt hafa verið af Seðlabanka Íslands sem innlán lögaðila í rekstrarsambandi við viðskiptabankann, skv. reglum um laust fé o.fl. nr. 1031/2014, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 7.2. Önnur innlán frá ríki, sveitarfélögum, opinberum fyrirtækjum og alþjóðlegum þróunarbönkum, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 7.3. Önnur ótryggð fjármögnun frá ríki, sveitarfélögum, opinberum fyrirtækjum og alþjóðlegum þróunarbönkum, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
8. Ótryggð fjármögnun frá öðrum lögaðilum (þar á meðal aðilum í fjármálastarfsemi).
 - 8.1. Innlán sem samþykkt hafa verið af Seðlabanka Íslands sem innlán lögaðila í rekstrarsambandi við viðskiptabankann, skv. reglum um laust fé o.fl. nr. 1031/2014, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 8.2. Önnur innlán frá öðrum lögaðilum (þar á meðal aðilum í fjármálastarfsemi), 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 8.3. Önnur ótryggð fjármögnun, sem ekki flokkast sem innlán, frá öðrum aðilum (þar á meðal aðilum í fjármálastarfsemi), 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
9. Tryggð fjármögnun (þar á meðal tryggð bundin innlán) frá:
 - 9.1. Einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum, 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 9.2. Lögaðilum sem ekki eru í fjármálastarfsemi, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 9.3. Seðlabönkum, 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 9.4. Ríki, sveitarfélögum, opinberum fyrirtækjum og alþjóðlegum þróunarbönkum, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 9.5. Öðrum lögaðilum (þar á meðal aðilum í fjármálastarfsemi), 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
10. Framseljanleg verðbréf (tryggð), sem ekki falla undir ofangreinda flokka, 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
11. Framseljanleg verðbréf (ótryggð), sem ekki falla undir ofangreinda flokka, 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
12. Nettó afleiðuskuldbindingar, ef afleiðuskuldbindingar eru umfram afleiðueignir, 0% vægi.
13. Aðrir eiginfjár- og skuldaliðir sem ekki falla í ofangreinda flokka.
 - 13.1. Tekjuskattsskuldbinding eða önnur skattfrestun, 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 13.2. Hlutfé frá aminnihlutafjárfestum (e. minority interest), 0% vægi (< 6 mán), 50% vægi (> 6 mán en < 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).

2.4. Nauðsynleg aðgengileg fjármögnun og liðir utan efnahags

- 2.4.1 Nauðsynleg stöðug fjármögnun lánastofnunar reiknast sem virði allra eigna sem viðkomandi stofnun á og fjármagnar auk hreyfinga utan efnahags (eða væntanlegrar lausafjáráhættu) margfaldað með stuðli. Stuðullinn er mat á því að hve miklu leyti stöðuga fjármögnun þurfi á móti. Seljanlegar eignir eða eignir sem hafa mikið lausafjárígildi til langs tíma undir álagi fá lágan stuðul (þurfa minni stöðuga fjármögnun) en eignir sem eru illseljanlegri (þurfa meiri

stöðuga fjármögnun) fá háan stuðul. Stuðlarnir sem eru ákvarðaðir fyrir ýmsar eignategundir eru ætlaðar til að meta hversu mikið af tiltekinni eign væri ekki hægt að selja eða nota sem veð fyrir lántöku til langs tíma á eins árs tímabili lausafjárskorts. Slíkar upphæðir skal tryggja með stöðugri fjármögnun.

- 2.4.2 Fyrir tryggða fjármögnun með gjalddaga innan eins árs skal kanna hvers konar eign verður notuð til uppgjors á gjalddaga og nota stuðul þeirrar eignar. Ef samningurinn verður gerður upp með handbæru fé verður stuðullinn 0%. Ef önnur eign fæst í staðinn skal nota stuðul þeirrar eignar. Eignir á efnahagsreikningi sem eru bundnar kvöðum fá 100% vægi nema kvöðin renni út innan árs. Ef kvöðin rennur út innan árs skal líta á eign sem kvaðalaus. Fara skal með þann hluta jafngreiðslulána sem greiðist innan árs sem eign með eftirstöðvatíma innan við eitt ár. Skilgreiningar endurspeglar þær sem notaðar eru samkvæmt reglum um lausafjárhlutfall nema annað sé tekið fram.
- 2.4.3 Upplýsingar um eftirstöðvatíma gera kleift að greina tiltekna tímaflokka eigna og skulda sem eru á gjalddaga innan árs á athugunartímabilinu, til þess að skoða nánar meðferð þeirra m.t.t. hlutfalls stöðugar fjármögnunar. Tímaflokkarnir eru 0-3 mánuðir, 3-6 mánuðir, 6-9 mánuðir og 9-12 mánuðir. Þetta er gert til að meta meðferð paraðra fjármagnaðra eigna og skulda og til að hvetja til dreifingar fjármögnunar innan árs. Auk þess er óskað eftir upplýsingum fyrir tímabilið 1-3 ár og 3 ár og yfir.
- 2.4.4 Áhættuskuldbindingar utan efnahags. Margir lausafjáráhættuþættir utan efnahags krefjast lítillar beinnar eða tafarlausrar fjármögnunar en geta leitt til töluverðrar lækkunar á lausafé á álagstímum. Þar af leiðandi felur ákvörðun á vægi vegna ýmissa liða utan efnahags í sér kröfu að fjármálafyrirtæki stofni sjóð stöðugar fjármögnunar sem nýttur yrði til að fjármagna aðrar eignir sem ekki yrðu fjármagnaðar með stöðugum hætti, samkvæmt skilgreiningu stöðugar fjármögnunar. Þótt sjóðir geti verið staðgenglar hver fyrir annan innan fjármálafyrirtækis má líta á kröfuna sem aðferð til að stuðla að stöðugri fjármögnun þeirra lausafjáreigna sem nota mætti á álagstímum til að mæta lausafjárkröfum vegna áhættuskuldbindinga utan efnahags.
- 2.4.5 Líkt og með lausafjárhlutfall skilgreinir fjármögnunarhlutfall áhættuflokka miðað við hvort skuldbindingin sé láns- eða lausafjárþyrngreiðsla eða annars konar skuldbinding. Eyðublaðið sýnir tilteknar tegundir skuldbindingar utan efnahags innan hvers flokks ásamt vægi.
- 2.4.6 Nauðsynleg aðgengileg fjármögnun og liðir utan efnahags. Töluliðir hér að neðan vísa í númer á eyðublaði en vægi skiptist m.t.t. eftirstöðvagreiningar og skiptist innan árs og yfir ár:

Nauðsynleg aðgengileg fjármögnun

14. Sjóður, 0% vægi.
15. Öll innlán hjá seðlabönkum, 0% vægi.
16. Ótryggðar skammtímaeignir með eftirstandandi líftíma skemmri en 1 ár.
 - 16.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár).
 - 16.2. Veðsett
 - 16.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár).
 - 16.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár).
 - 16.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (< 1 ár).
17. Lán sem ekki eru endurnýjanleg til eftirlitsskyldra banka og sparisjóða skv. 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.
 - 17.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár)
 - 17.2. Veðsett
 - 17.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár)
 - 17.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 17.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.

18. Lán til fjármálafyrirtækja annarra en banka og sparisjóða, sem ekki eru endurnýjanleg.
 - 18.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár)
 - 18.2. Veðsett
 - 18.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár)
 - 18.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 18.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.
19. Lausafjáreignir af stigi 1, skv. 2. mgr. 6. gr. reglna Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall o.fl. nr. 1031/2014., ?
 - 19.1. Óveðsett, 5% vægi.
 - 19.2. Veðsett.
 - 19.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 5% vægi
 - 19.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi.
 - 19.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.
20. Lausafjáreignir af stigi 2A, skv. 3. Mgr. G. Gr. reglna Seðlabana Íslands um lausafjárhlutföll o.fl. nr. 1031/2014
 - 20.1. Óveðsett, 15% vægi
 - 20.2. Veðsett
 - 20.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 15% vægi.
 - 20.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi.
 - 20.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.
21. Lausafjáreignir af stigi 2B, skv. 4. Mgr. 6. Gr. reglna Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutföll o.fl. nr. 1031/2014
 - 21.1. Óveðsett, 50% vægi.
 - 21.2. Veðsett
 - 21.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi
 - 21.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi.
 - 21.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi
22. Innlán hjá öðrum fjármálastofnunum sem viðskiptabankinn er í rekstrarsambandi við, vegna rekstrarþáttar starfsemi hans og samþykkt hafa verið sem slík skv. reglum Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall o.fl. nr. 1031/2014.
 - 22.1. Óveðsett, 50% vægi.
 - 22.2. Veðsett
 - 22.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár), 100% (> 1 ár).
 - 22.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs og 50% vægi (< 1 ár) og 100% vægi (> 1 ár).
 - 22.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.
23. Lán til fyrirtækja sem ekki eru í fjármálastarfsemi með eftirstöðvatíma undir 1 ári.
 - 23.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár).
 - 23.2. Veðsett
 - 23.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár)
 - 23.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár).
 - 23.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (< 1 ár)
24. Lán til seðlabanka með eftirstöðvatíma undir 1 ári.
 - 24.1. Óveðsett, 50% vægi.
 - 24.2. Veðsett.
 - 24.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár)
 - 24.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár).
 - 24.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (< 1 ár)
25. Lán til ríkja, sveitarfélaga, opinberra fyrirtækja og alþjóðlegra þróunarbanka, með eftirstöðvatíma undir 1 ári.
 - 25.1. Óveðsett, 50% vægi.

- 25.2. Veðsett.
- 25.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár)
- 25.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár).
- 25.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (< 1 ár)
- 26. Húsnæðisveðlán, sem fullnægjka skilyrðum fyrir 35% eða lægri áhættuvog, svk. staðalaðferð í V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007.
 - 26.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár) og 65% vægi (> 1 ár).
 - 26.2. Veðsett
 - 26.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár) og 65% vægi (> 1 ár)
 - 26.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár) og 65% vægi (> 1 ár).
 - 26.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.
- 27. Önnur lán sem ekki falla undir ákvæði 16.-19. Gr. reglna þessara, með eftirstöðvatíma 1 ár eða lengri, sem fullnægja skilyrðum fyrir 35% eða lægri áhættuvog svk. staðalaðferð í V. Kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007, að frátöldum lánum til fjármálafyrirtækja.
 - 27.1. Óveðsett, 65% vægi (> 1 ár)
 - 27.2. Veðsett
 - 27.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 65% vægi (> 1 ár).
 - 27.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 65% vægi (> 1 ár).
 - 27.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (> 1 ár).
- 28. Smásölulán til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (að frátöldum húsnæðisveðlánum sem falla undir ákvæði 20. gr.) með eftirstöðvatíma undir 1 ári.
 - 28.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár).
 - 28.2. Veðsett.
 - 28.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár).
 - 28.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár).
 - 28.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (< 1 ár).
- 29. Önnur lán í skilum (að frátöldum lánum til fjármálafyrirtækja) með áhættuvog hærri en 35% svk. staðalaðferð í V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007.
 - 29.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár) og 85% vægi (> 1 ár)
 - 29.2. Veðsett.
 - 29.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár) og 85% vægi (> 1 ár).
 - 29.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár) og 85% vægi (> 1 ár).
 - 29.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.
- 30. Hlutabréf skráð í kauphöll, sem ekki teljast lausafjáreignir svk. 6. Gr. reglna Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutföll o.fl. nr. 1031/2014.
 - 30.1. Óveðsett, 85% vægi (> 1 ár).
 - 30.2. Veðsett.
 - 30.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 85% vægi (> 1 ár).
 - 30.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 85% vægi (> 1 ár).
 - 30.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (> 1 ár).
- 31. Skuldabréf sem eru ekki í vanskilum, sem teljast ekki lausafjáreignir svk. 6. Gr. reglna Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutföll o.fl. nr. 1031/2014.
 - 31.1. Óveðsett, 50% vægi (< 1 ár) og 85% vægi (> 1 ár).
 - 31.2. Veðsett
 - 31.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 50% vægi (< 1 ár) og 85% vægi (> 1 ár).
 - 31.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 50% vægi (< 1 ár) og 85% vægi (> 1 ár).

- 31.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi.
- 32. Gull og aðrar hrávörur.
 - 32.1. Óveðsett, 85% vægi (> 1 ár).
 - 32.2. Veðsett.
 - 32.2.1. Veðsett til allt að 6 mánaða, 85% vægi (> 1ár).
 - 32.2.2. Veðsett til lengri tíma en 6 mánaða, en skemur en til 1 árs, 85% vægi (> 1 ár).
 - 32.2.3. Veðsett til 1 árs eða lengur, 100% vægi (> 1 ár).
- 33. Afleiðukröfur, 100% vægi.
- 34. Lán og skuldabréf í vanskilum, 100% vægi.
- 35. Allar aðrar eignir sem hvorki falla undir 16 –21.gr. né 1.-2. mgr. 22. gr.,100% vægi.

Utan efnahags

- 36. sSá hluti óafturkallanlegrar lána- og lausafjárþyrirgreiðslu sem er ónýttur eða óáðreginn, 5% vægi.
- 37. Sá hluti afturkallanlegrar lána- og lausafjárþyrirgreiðslu sem er ónýttur eða óáðreginn, þegar afturköllunin er háð skilyrðum, 5% vægi.
- 38. Lausafjárþyrirgreiðsla sem viðskiptabanki getur afturkallað skilyrðislaust, 0% vægi.
- 39. Lánafyrirgreiðsla sem viðskiptabanki getur afturkallað skilyrðislaust, 0% vægi.
- 40. Skuldbindingar vegna sölutrygginga og annarrar þjónustu við lögaðila vegna viðskipta með vörur og þjónustu, þar með taldar ábyrgðir og skjalaábyrgðir, 0% vægi..
- 41. Aðrar ábyrgðir og skjalaábyrgðir en þær sem taldar eru í 2. tl. 2. mgr. 23. gr., 0% vægi.
- 42. Ósamningsbundnar skuldbindingar, svo sem:
 - 42.1. Mögulegar beiðnir um endurkaup á eigin skuldbindingum bankans eða tengdra miðlunarsjóða, eininga um sérverkefni á sviði verðbréfunar og annarra slíkra fjármögnunareininga, 0% vægi.
 - 42.2. Fjármálagerningar þar sem viðskiptavinir vænta þess að markaðshæfi sé til staðar, svo sem skuldabréf með einhvers konar vaxtaaðlögun, 0% vægi.
 - 42.3. Stýrðir sjóðir sem markaðssettir eru með því markmiði að halda stöðugu virði, 0% vægi.
 - 42.4. Aðrar ósamningsbundnar skuldbindingar, 0% vægi.
- 43. Allar aðrar skuldbindingar utan efnahags sem ekki falla í flokkana hér að ofan, 0% vægi.

2.5. Gjaldeyrisjöfnuður lánastofnunar.

2.5.1 Við útreikning á fjármögnunarhlutfalli í erlendri mynt skal taka tillit til gjaldeyrisjafnaðar lánastofnunar samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Gjaldeyriseignir umfram gjaldeyrissskuldir dragast frá nauðsynlegri stöðugri fjármögnun, en ef gjaldeyrissskuldir eru umfram gjaldeyriseignir dragast þær frá aðgengilegri stöðugri fjármögnun.

2.5.2. Gjaldeyrisjöfnuðu lánastofnunar. Töluliðir hér að neðan vísa í númer á eyðublaði en ekkert vægi er á þeim liðum né skipting m.t.t. eftirstöðvagreiningar.

Gjaldeyrisjöfnuður lánastofnunar

- 44. Nettó gjaldeyriseignir skv. reglum um gjaldeyrisjöfnuð ef umfram gjaldeyrissskuldir.
- 45. Nettó gjaldeyrissskuldir skv. reglum um gjaldeyrisjöfnuð ef umfram gjaldeyriseignir.

